

Föstudaginn 5. október 1951.

Nr. 105/1950. **Guðbrandur Ísberg** (Theódór B. Líndal)
 gegn

Guðjóni Hallgrímssyni og gagnsök
 (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
 í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Meinyrði. Gagnbrigzl.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júlí 1950 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m. Gerir aðaláfrýjandi þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður í aðalsök í héraði og honum dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins. Í gagnsök í héraði krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda verði dæmd refsing vegna ummæla þeirra, sem í gagnstefnu í héraði greinir, og ummælin dæmd dauð og ómerk. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í gagnsök í héraði úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 19. október 1950 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 6. nóvember s. á. Í aðalsök í héraði gerir hann þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmd refsing fyrir ummæli þau, er í héraðsstefnu greinir, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Í gagnsök í héraði eru dómkröfur gagnáfrýjanda þær, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Ummæli þau, sem stefnt er fyrir í gagnsök í héraði, birtust í dagblaðinu Tímanum hinn 24. marz 1949. Gagnsök var eigi höfðuð fyrr en með stefnu 15. nóvember 1949, er birt var 18. s. m. En gegn staðhæfingum umboðsmanns aðaláfrýjanda hér fyrir dómi er ekki sannað, að heimild til málshöfðunar út

af ummælum þessum hafi þá verið niður fallin, sbr. 29. gr. laga nr. 19/1940.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi. Ummæli þau, sem stefnt er fyrir bæði í aðalsök og gagnsök, eru öll refsiverð samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing málsaðilja hvors um sig hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað hvorrar sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 241. gr. laga nr. 19/1940 ber að dæma öll hin sagnæmu ummæli dauð og ómerk.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðbrandur Ísberg, og gagnáfrýjandi, Guðjón Hallgrímsson, greiði hvor um sig 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 5 daga í stað sektar hvors þeirra, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukabings Húnavatnssýslu 28. febr. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Guðjón Hallgrímsson bóndi, Marðarnúpi í Vatnsdal í Húnavatnssýslu, höfðað fyrir aukadómpingi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni 29. sept. 1949, gegn Guðbrandi Ísberg sýslumanni, Blönduósi.

Hefur aðalstefnandi gert þær kröfur, að siðargreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að aðalstefndi verði dæmdur í þingstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að hafa viðhaft þessi ummæli og að aðalstefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómara.

Hin átöldu ummæli komu fram í einkabréfi aðalstefnda til aðalstefnanda, dags. 28. janúar 1949 (rskj. 6). Eru ummælin svohljóðandi: „Auk þess er það hreint ekki saklaus verknaður að véla menn til þess að gefa rangt vottorð, þó að það væri látið liggja kyrrt,“ og „Hins vegar er mér tjáð, að hann sé alger einyrki, og dálítið er erfitt að setja hann sem aðalmann í sæti ríkiláts föður í fyrsta áfanga.“

Telur aðalstefnandi ummæli þessi mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig, þar sem með fyrri ummælunum sé dróttað að honum refsiverðu afhæfi, en með hinum síðari sé því haldið fram, að erfitt sé að setja son hans til að gegna opinberu starfi (skattaneftndarmannsstarfi), að því er virðist, vegna áhrifa, sem aðalstefnandi myndi hafa á hann, og hefur aðalstefnandi því uppi framangreindar kröfur.

Aðalstefndi hefur í aðalsök krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu og auk þess krafizt, að aðalstefnandi verði sektaður fyrir þarflausa málshöfðun.

Með stefnu, útgefinni 15. nóvember 1949, höfðaði aðalstefndi gagnsök í málinu. Gerir hann í gagnsök þær kröfur, að síðargreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk svo og aðdróttanir þær, sem í þeim felist, að aðalstefnandi verði dæmdur í þingstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að hafa viðhaft ummælin og að aðalstefnanda verði gert að greiða málskostnað í gagnsakarmálinu samkvæmt reikningi eða eftir mati dómara.

Hin átöldu ummæli, sem aðalstefndi telur mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig, birtust í 65. tölublaði Tímans, 24. marz 1949 undir nafninu: *Ekki má nú mikið*, eftir Guðjón Hallgrímsson, Marðarnúpi (rskj. 13). Ummælin eru svohljóðandi: „Nokkru eftir þenna fund, er ég hef minnzt á, fékk ég svo tilkynningu frá Guðbrandi sýslumanni, þess efnis, að ég væri leystur frá störfum sem skattaneftndarmaður Áshrepps,“ og „en það er í augum formanns yfirsattaneftndar sök að segja og gera rétt samkvæmt bréflægum upplýsingum frá honum sjálfum. Annars er það hart að hafa svo ógætna yfirsattaneftnd, er ekki kann að bera saman bústofnseign manna frá ári til árs.“

Hin fyrrgreindu ummæli telur aðalstefndi móðgandi og meiðandi fyrir sig, með því að með þeim sé ótvírætt gefið í skyn ókunnugum lesendum víðlesins blaðs, að hann hafi sem einn af pólitískum smölum Jóns á Akri notað aðstöðu sína sem opinber starfsmaður til þess að koma fram hefndum á aðalstefnanda fyrir það, að hann sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum, og hafi hefnd þessi verið fólgin í því, að hann (aðalstefnandi) var leystur frá störfum sem skattaneftndarmaður. Síðari ummælin telur aðalstefndi ekki þurfa skýringa við.

Í gagnsök hefur aðalstefnandi krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Aðalsök:

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að vottorð það, er um ræðir í fyrrgreindu ummælunum, en vottorð þetta gaf Eysteinn Björnsson bóndi á Guðrúnarstöðum um nautpeningseign aðalstefnanda (rskj. 18), hafi verið rangt að efni til. Færir hann fram því til sönnunar, að ríkisskattaneftnd hafi með bréfi, dags. 20. sept. 1949 (rskj. 15), tilkynnt sýslumanni Húnavatnssýslu, að hún hafi fellt úr gildi úrskurð sinn frá 8. febrúar 1949 (rskj. 14) um lækun á sköttum aðalstefnanda, en sá úrskurður (8. febr. 1949) telur aðalstefndi, að hafi m. a. verið byggður á vottorði Eysteins Björnssonar. Byggir ríkisskattaneftnd síðari úrskurð sinn á bréfi

aðalstefnanda til aðalstefnda og á ýtarlegum samanburði á skattafram-
tölum aðalstefnanda. Einnig byggir aðalstefndi sýknukröfu sína á því,
að vottorð Eysteins Björnssonar hafi að öllu leyti verið stílað af aðal-
stefnanda og að Eysteinn hafi gefið vottorðið í trausti þess, að upplýs-
ingar, sem fylgt hafi heiðni aðalstefnanda um vottorðsgjöfina, væru réttar.
Þá telur aðalstefndi setningunni: „Auk þess er það hreint ekki saklaus
verknaður að véla menn til þess að gefa rangt vottorð, þó að það væri
látið liggja kyrrt“ — hafi verið varpað fram sem staðreynd, sem ekki
væri hægt að hrekja, en ekki sem ásökun í garð aðalstefnanda, því einhver
annar gæti hafa vélað um fyrir vottorðsgefanda. Þetta hafi verið órann-
sakað mál og til þess benti niðurlag setningarinnar „þó að það væri látið
kyrrt liggja“, þ. e. ekki rannsakað nánar. Þá tekur aðalstefndi fram, að
undir venjulegum kringumstæðum, þ. e. ef um embættisbréf hefði verið
að ræða, hefði hann notað orðin „fá til“ í stað orðsins „véla“. Orðið véla
þýði að villa sýn á einhvern hátt með röngum staðreyndum eða með
því að leyna staðreyndum, og það liggi í hlutarins eðli, að svo hafi verið
gert í máli þessu af aðalstefnanda eða einhverjum öðrum. Sýknukröfu
sína vegna síðar tilfærðu ummælanna byggir aðalstefndi á því, að ekki
geti falizt móðgun eða ásökun í því að hafa þau orð um mann, að hann sé
ríkilátur. Til þess að maður geti talizt ríkilátur, þurfi hann, auk þess að
vera ríkur, að vera umsvifamikill athafnamaður, sem njóti virðingar sem
slíkur og sýni í allri framkomu og hegðun, að hann viti að svo sé. Að
hann hafi notað orðið ríkilátur, kveður aðalstefndi hafa stafað af því, að
honum hafi verið það ljóst, að aðalstefnandi gæti álitnið það móðgun við
sig, ef hann (aðalstefndi) skipti þannig um mann í skattanefnd, að í stað
aðalstefnanda yrði settur óreyndur maður, jafnvel þótt það væri einn
af hans eigin sonum.

Þá bendir aðalstefndi á, að bréf hans, sem hin umstefndu ummæli hafi
verið í, hafi verið einkabréf til aðalstefnanda sem kunningja, og að vitn-
eskja um innihald þess hafi því aðeins getað komið til vitundar annarra
manna, að aðalstefnandi flikaði því sjálfur.

Eysteinn Björnsson, bóndi á Guðrúnarstöðum í Vatnsdal í Húnavatns-
sýslu, hefur verið leiddur sem vitni í máli þessu.

Kannaðist vitnið við að hafa gefið vottorð samhljóða vottorðsafriti á
réttarskjali 18, en það er svohljóðandi: „Jeg undirritaður hef yfirfarið
nákvæmlega skattaskrá Guðjóns Hallgrímssonar, bónda á Marðarnúpi,
1946 og borið framtaldan nautpening hans saman við hina réttu eign hans,
og ber það nákvæmlega saman. Votta ég því hérmeð, að viðbót sú, er
yfirskattanefnd Húnavatnssýslu hefur gert (1 kýr), er með öllu röng og
tilefnislaus. Guðrúnarstöðum 24. jan. 1948. Eysteinn Björnsson.“ Kveðst
vitnið hafa verið og sé ennþá sannfært um, að vottorðið sé rétt. Það hafi
farið yfir skattaskýrslu aðalstefnanda og borið saman við skýrslu ársins
áður og við nautgripafjölda, sem því var kunnugt um, að væri á jörðinni
(Marðarnúpi), og ekki komið til hugar að gefa vottorð, sem það héldi,
að væri ekki satt og rétt. Vitnið kveðst hafa verið statt á Marðarnúpi,
er það skrifaði undir vottorðið, sem það kvað hafa verið samið og skrifað

af aðalstefnanda, og að vottorðið hafi verið gefið að beiðni hans. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað, að vottorðið ætti að nota í sambandi við kæru til ríkisskattaneðndar, en kveðst lítið hafa hugsað út í það, og talið víst, að skattaálagning aðalstefnanda yrði leiðrétt af yfirskattaneðnd í samræmi við vottorðið. Vitnið kvað aðalstefnanda hafa haldið því fram við sig, að enginn nautgripur væri vantalin á skattaframtali hans fyrir árið 1946, og kvaðst vitnið hafa verið sannfært um, að það væri rétt. Aðspurt lýsti vitnið því yfir, að aðalstefnandi hafi ekki reynt að villa vitnið eða blekkja í sambandi við vottorðsgjöfina.

Í bréfi, sem aðalstefnandi skrifaði aðalstefnda 5. febr. 1949 (rskj. 9), er m. a. eftirfarandi setning: „... þar sem ég hafi ekki getað unað því, að yfirskattaneðnd skyldi breyta 17 mánaða tarfkálfi í fullorðna kú.“

Enda þótt síðastgreindu ummælin á rskj. 9, sem ríkisskattaneðnd mun m. a. hafa byggt úrskurð sinn frá 20. sept. 1949 á, bendi til þess, að nautgripur hafi verið vantalin á skattaframtali aðalstefnda, og að deilan hafi verið um, hvort nautgripurinn hafi verið tarfkálfur eða fullorðin kýr, verður ekki talið sannað samkvæmt skjölum málsins gegn framburði vitnisins Eysteins Björnssonar, að það hafi gefið margnefnt vottorð vegna rangra upplýsinga, sem því hafi verið gefnar. Vitnið kveðst hafa skrifað undir vottorðið, eftir að það með sjálfstæðum athugunum á skattaskýrslum aðalstefnanda ásamt vitneskju sinni um nautgripaeign hans, hafi sannfært sig um, að vottorðið væri rétt. Vitnið kvað aðalstefnanda hafa haldið því fram við sig, að enginn nautgripur væri vantalin á framtali hans fyrir skattárið 1946. Vottorðið er gefið 28. jan. 1948, en bréf aðalstefnanda til aðalstefnda, sem bendir til, að um vantalin nautgrip hafi verið að ræða, er skrifað 5. febr. 1949, og sannar það því ekki, að staðhæfing aðalstefnanda við vottorðsgefanda hafi verið sett fram gegn betri vitund. Að vottorðsbeiðandi samdi og skrifaði vottorðið sannar ekki heldur, að um sviksemi hans eða blekkingar hafi verið að ræða.

Samkvæmt málvenju og skýringum málfræðinga þýðir orðið *véla* að beita blekkingum eða svikum, og verður því ekki talið, að það hafi átt rétt á sér í umræddu sambandi.

Sú staðhæfing aðalstefnda, að setningunni: „Auk þess er það hreint ekki saklaus verknaður að véla menn o. s. frv.“ hafi verið varpað fram sem staðreynd, sem ekki væri hægt að hrekja, en ekki sem ásökun í garð aðalstefnanda, því einhver annar gæti hafa vélað um fyrir vottorðsgefanda, sténzt ekki, þegar borið er saman við bréfið á rskj. 6, því þar stendur m. a.: „Þú reynir ekki aðeins að telja sjálfum þér trú um og öllum þeim mönnum, sem þú færð til að hlusta á þig, að tapaða kýrin sé uppspuni úr yfirskattaneðnd, heldur lokkar þú a. m. k. einn mann til að gefa þér vottorð um, að þú hafir á réttu að standa gagnvart yfirskattaneðnd — að þig hafi alls ekki vantað kú á skýrslu þína.“

Hin síðargreindu ummæli í aðalsök: „Hins vegar er mér tjáð, að hann sé algjör einyrki, og dálítið er erfitt að setja hann sem aðalmann í sæti ríkiláts föður í fyrsta áfanga,“ verða tæplega skilin á annan veg en þann, að erfitt sé að skipa son aðalstefnanda í skattaneðnd, þótt hann sé mjög

efnilegur maður, vegna ríkilætis aðalstefnanda, þ. e. aðalstefnandi mundi hafa áhrif á son sinn í opinberu starfi hans.

Sú skýring aðalstefnda, að ummæli þessi hafi verið sett fram vegna þess, að aðalstefnandi hefði getað talið það móðgun við sig, að óreyndur maður yrði settur í stað hans sem aðalmaður í skattanefnd, getur ekki talizt hafa við rök að styðjast. Einyrki þarf ekki að vera óreyndur maður, og hlýtur því meining aðalstefnda hafa verið sú, að búast mætti við, að sonur aðalstefnanda, sem sé alger einyrki, standist ekki áhrifavald síns ríkiláta föður. Verður því að telja, að með ummælum þessum, sem koma fram í bréfi til aðalstefnanda, sé því dróttað að honum, að ekki sé varlegt að fela syni hans trúnaðarstarf vegna þeirra áhrifa, sem aðalstefnandi myndi sökum ríkilætis síns hafa á son sinn.

Með báðum hinum tilgreindu ummælum í aðalsök verður að telja, að dróttað sé að aðalstefnanda, að hann hafi framið eða muni líklegur til að fremja refsivert eða ósiðlegt athæfi.

Ummæli þessi varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa aðalstefnda fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt. Samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein, sbr. lög nr. 14 frá 1948, og með hliðsjón af því, að ummælin voru sett fram í einkabréfi og því hefur ekki verið haldið fram, að aðalstefndi hafi borið þau út, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald, ef hún greiðist eigi innan aðfararfrests dóms þessa. Samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga ber að ómerkja hin refsiverðu ummæli. Hæfilegt þykir, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 900.00 í málskostnað.

Gagnsök:

Gagnstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að því er fyrrgreindu ummælin varðar, að þar sé aðeins á látlausan og blátt áfram hátt sagt frá staðreyndum og engum aðdróttunum beint að gagnstefnanda. Telur hann fjarstæðu, að aðdróttun geti falizt í orðinu „leystur“ (frá störfum). Gagnstefnandi telur ummælin hins vegar meiðandi, af því að þau komi í beinu framhaldi af skrifti um yfirlýsingu eins aðalstuðningsmanns Jóns á Akri um, að gagnstefndi skuli rægður frá öllum opinberum störfum, og sé því látið liggja að því, að hann (gagnstefnandi) hafi notað aðstöðu sína til þess að koma fram hefndum gegn gagnstefnda fyrir, að hann sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum.

Fallast verður á þá skoðun gagnstefnanda, að í ummælunum „Nokkru eftir þenna fund, er ég hefi minnt á, fékk ég bréf frá Guðbrandi sýslumanni þess efnis, að ég væri leystur frá störfum sem skattanefndarmaður Áshrepps“, felist, vegna sambands þess, sem þau eru sett fram í, í blaðagreininni, aðdróttun um, að gagnstefnandi hafi misnotað aðstöðu sína sem handhafi skipunarvalds.

Að því er síðargreindu ummælin varðar, byggir gagnstefndi sýknukröfu sína á því, að fyrri hluti ummælanna sé ekki frá gagnstefnda sjálfum, heldur segi hann aðeins, að samkvæmt bréflegum upplýsingum frá gagnstefnanda sjálfum sé það sök í augum hans að segja eða gera rétt, en

að gagnstefnandi eigi ekki aðild vegna síðari hluta ummælanna, því þau varði yfirsíðanefndina.

Fallast verður á þá skoðun gagnstefnanda, að ummælin: „En það er í augum formanns yfirsíðanefndar sök að segja og gera rétt samkvæmt bréflægum upplýsingum frá honum sjálfum. Annars er það hart að hafa svo ógætna yfirsíðanefnd, er ekki kann að bera saman bústofnseign manna frá ári til árs“ séu meiðandi og móðgandi fyrir hann, og verður ekki fallist á, að skýring gagnstefnda réttlæti þau. Um aðildarskort gagnstefnanda, að því er síðari hluta ummælanna varðar, verður ekki talið, að sé að ræða, þar sem telja verður, að eigi aðeins yfirsíðanefndin sem persóna að lögum, heldur einnig hver yfirsíðanefndarmaður eigi aðild að máli vegna meiðyrða um nefndina.

Hvorug hinna umstefndu ummæla í gagnsök hafa verið réttlætt, og þykja fyrrgreindu ummælin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og síðar tilgreindu ummælin þykja varða við 234. gr. og 235. gr. sömu laga. Ber því að refsá gagnstefnda fyrir þau. Samkvæmt hinum tilvitnuðu lagagreinum, sbr. lög nr. 14 frá 1948, og með tilliti til þess, að meiðandi aðdróttanir og móðganir, sem í ummælunum felast, koma fram í viðlesnu blaði, svo og þess, að telja má ummæli þau, sem dæmt er fyrir í aðalsök, að nokkru tilefni blaðagreinarinnar, þykir refsing hæfilega ákveðin 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 6 daga varðhald, ef hún greiðist eigi innan aðfararfrests dóms þessa.

Refsinæmi hinna fyrr tilgreindu ummæla í gagnsök byggist á sambandi þeirra við aðra hluta blaðagreinar þeirrar, sem þau eru hluti af, en ummælin sjálf lýsa aðeins ákveðinni staðreynd, sem ekki hefur með rökum verið á mótí mælt. Verður ómerkingarkrafa gagnstefnanda, að því er þau ummæli varðar, því eigi tekin til greina.

Hin síðar tilgreindu ummæli í gagnsök þykir samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga bera að ómerkja. Hæfilegt þykir, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 400.00 í málskostnað.

Sigurgeir Jónsson setudómari kvað upp dóm þenna, en nokkur dráttur varð á uppsögu hans vegna anna dómarsins.

Dómsorð:

Framangreind ummæli í aðalsök eiga að vera ómerk.

Aðalstefndi, Guðbrandur Ísberg, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan aðfararfrests dóms þessa.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda, Guðjóni Hallgrímssyni, kr. 900.00 í málskostnað innan aðfararfrests dómsins.

Ummælin „En það er í augum formanns yfirsíðanefndar sök að segja og gera rétt samkvæmt bréflægum upplýsingum frá honum sjálfum. Annars er það hart að hafa svo ógætna yfirsíðanefnd, er ekki kann að bera saman bústofnseign manna frá ári til árs“, skulu vera ómerk.

Gagnstefndi, Guðjón Hallgrímsson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 6 daga varðhald, ef hún greiðist eigi innan aðfararfrests dóms þessa.

Gagnstefndi greiði gagnstefnanda, Guðbrandi Ísberg, kr. 400.00 í málskostnað innan aðfararfrests dómsins.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1951.

Nr. 144/1950. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Gunnari Petersen (Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Brot gegn umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið refsíákvæði þau, er þar greinir. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Petersen, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir